



46. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn á kennarastofu föstudaginn 6. febrúar 2004, kl. 13:00

Fundinn sátu nefndarmenn nema Margrét Einarsdóttir, og Gunnar Þorgeirsson, sem boðuðu forföll.

Nýr fulltrúi nemenda er María Þórunn Jónsdóttir

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa sérstaklega velkominn. Hann gaf síðan skólameistara orðið.

Dagskrá:

1. Leiðarljós ML – framhald frá fundi dags. 7. febrúar 2003
2. Þriggja ára nám til stúdentsprófs
3. Námsframboð – horft til framtíðar
4. Námsárangur, brottfall haustönn 2003
5. Sjálfsmat skólans
6. Kynningarmál – staða
7. Fjármál skólans
8. Önnur mál

1. Leiðarljós ML – framhald frá fundi dags. 7. febrúar 2003

Skólameistari dreifði afhendi til kynningar. Hann fylgdi hugmyndum sem fram koma á afhendinu úr hlaði. Lagði hann til að einkunnarorð skólans MANNGILDI, ÞEKING, ATORKA verði það áfram. Sýn skólameistara verður birt á heimasíðu skólans.

Fundarmenn voru sammála um að svo skuli vera.

Lítillsháttar athugasemdir voru gerðar við orðalag í sýn skólameistara og ákveðnar breytingar þar á. Að öðru leyti voru fundarmenn sáttir við hana.

Afhendið fylgir með fundargerðinni (fskj. 1).

2. Þriggja ára nám til stúdentsprófs.

Skm. dreifði afhendum til kynningar.

Skm. fylgdi úr hlaði. Málið var rætt allmikið og þá sérstaklega m.t.t þess hvernig breyting af þessu tagi kann að hafa áhrif á þennan skóla, en ekkert ályktað um það. Form. lagði til að þessi umræða verði tekin aftur í haust þegar ljósara verður orðið um þróun þessa máls.

Afhendin fylgja með fundargerðinni (fskj.2 og fskj. 3).

3. Námsframboð – horft til framtíðar

Skm fylgdi málinu úr hlaði. Hann fjallaði sérstaklega um ákveðnar áhyggjur skólans af íþróttabraut, en þangað hafa ekki sótt í umtalsverðum mæli þeir nemendur sem hugsaðir voru sem markhópur hennar og hefur brottfall reynst nokkuð. Töluvert rætt um íþróttabrautina og mögulegt námsframboð almennt, en ekkert ályktað sérstaklega.

4. Námsárangur, brottfall haustönn 2003

Aðst. skm. kynnti þennan lið og dreifði upplýsingum um nemendatölur og niðurstöður haustannarprófa. Nokkuð rætt og fram kom hvatning til skólans um að gera það sem í hans valdi stendur til að halda nemendum í skólanum eftir því sem kostur er.

Gögn fylgja fundargerðinni (fskj. 4).

5. Sjálfsmat skólans – staða

Aðst. skm. greindi frá stöðu sjálfsmats og vinnu sjálfsmats- og gæðanefndar.

6. Kynningarmál – staða

Skm. fjallaði um stöðu og fyrirætlanir í kynningarmálum skólans á þessu vori. Gefinn verður út bæklingur eins og undanfarin ár, farið verður í alla grunnskóla í dreifðum byggðum suðurlands. Kynningardagur var á haustönn og þar komu um 300 nem. úr grunnskólum á suðurlandi.

María greindi frá því að í kynningarbæklingi verði tekið mið af kynningardeginum; hann verði e.k. þema bæklingsins. Fyrirhugað að hann verði tilbúinn í byrjun mars.

Form. lýsti sig ánægðan með hvernig staðið er að kynningarmálum.

7. Fjármál skólans

Skm. fjallaði um stöðu fjármál út frá punktum á afhendi sem hann dreifði til fundarmanna. Fram kom að aukin skuld skólans við ríkissjóð eftir árið 2003 nemur 15-20 milljónum.

Það kom skýrt fram það mat skólameistara að útilokað væri að reka skólann innan þess ramma sem fjárlög setja. Því kemur fram mikil munur á fjárhagsáætlun skm. og þeirri upphæð sem skólanum er ætluð fjárlögum. Það kom fram hjá skm. að áætlunin sé unnin með þessum hætti með vitneskju Menntamálaráðuneytis.

Form. taldi eðlilegt að halda sínu striki í þessu efni sér í lagi í ljósi fundar sem hann hefur átt með menntam. ráðh. þar sem hann gerði ráðherra grein fyrir erfiðri fjárhagsstöðu skólans.

Afhendi fylgja fundargerðinni (fskj. 5 og 6).

8. Önnur mál

- a. Stofa íslenskra fræða – staða Skm. sagði stuttlega frá.
- b. Áhugi Bláskógabyggðar á byggingarlandi innan landamarka ML. Skm kynnti lítillega.
- c. Heimsókn Vinstri-grænna. Skm. sagði frá.
- d. 25-30 íslenskukennarar úr framhaldsskólum á námskeiði í ML í lok febrúar. Skm. greindi frá.
- e. Námskeið FÍF áð Hótel Geysi, 11.-12. mars n.k., en ML er annar gestgjafa á námskeiðinu. Skm fjallaði stuttlega um.
- f. Kynning á árshátíð – Dagamun í byrjun mars. Skm. sagði frá. Fram kom að ekki verður um sérstakt árshátíðarleikrit að ræða þessu sinni.
- g. Eineltisáætlun. Skm. sagði frá vinnu við hana.
- h. Nemendaskipti við HCAG í Þýskalandi – Hilmar sagði stuttlega frá fyrirhugðun nemendaskiptum á komandi hausti.
- i. Skm. kynnti uppkast að bréfi til þingmanna Suðurkjördæmis um fjármagn til skólans í fjárlögum ársins 2005, vegna framkvæmda við skólann og Héraðsskólahúsið.
Fundarmenn lýstu sig mjög samþykka drögunum og munu formaður nefndarinnar og skólameistari undirrita það.
- j. Rekstrarreikningur mötuneytis. Skm. lagði hann fram og fylgdi lítillega úr hlaði. (fskj. 7)
Fjallað var nokkuð um reikninginn, mötuneytið, þvottahús o.fl. þessu tengt, en ekkert ályktað.
- k. Ragnar sagði frá dönskukennara, Birgit Steen, sem er á ferðinni og stendur til boða framhaldsskólum.
- l. Form. minnti á fyrri umræður um að bjóða nýjum menntamálaráðherra í heim. Skm. og formanni falið að vinna málið áfram.

Fundið slitið kl.16.00

